

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Húsavíkurkaupstað árið 1992.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1992, sem er innheimt með fasteignargjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir.

A) Íbúðir.

Sorphirðugjald kr. 4 000 á íbúð.

B) Fyrirtæki.

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur a) kr. 15 000

Flokkur b) kr. 30 000

Flokkur c) kr. 60 000

Flokkur d) kr. 120 000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka.

C) Eyðing á brennanlegu sorpi fyrir önnur sveitarfélög í sorpeyðingarstöð kostar fyrir árið 1992, 6,00 kr/kg.

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Húsavíkur er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

Umhverfisráðuneytið, 23. júní 1992.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar 1992/1993.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða á tímabilinu frá gildistöku reglugerðar þessarar til 1. maí 1993.

2. gr.

Aðeins skipum sem aflahlutdeild hafa í loðnu á loðnuveiðitímabilinu sbr. 1. gr. er heimilt að stunda loðnuveiðar.

Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávaraflla.

3. gr.

Veidar eru heimilaðar á eftirgreindum svæðum með þessum takmörkunum:

1. Í lögsögu Íslands eru loðnuveidar bannaðar sunnan 67°45'N til 1. nóvember 1992.
2. Í lögsögu Grænlands eru loðnuveidar bannaðar sunnan 64°30'N.
3. Í lögsögu Jan Mayen eru loðnuveidar heimilar uns samanlagður aflí íslensku loðnuveidiskipanna nemur 136.500 lestum og sjávarútvegsráðuneytið hefur tilkynnt stöðvun veiðanna í lögsögu Jan Mayen.

4. gr.

Skipstjórar veiðiskipa skulu þegar veiðiskip siglir inn í fiskveiðilögsögu Jan Mayen og Grænlands tilkynna það hlutaðeigandi aðilum, samkvæmt sérstökum leiðbeiningum ráðuneytisins þar að lútandi.

Sama gildir um afla, sem veiddur er í lögsögu þessara landa.

5. gr.

Skipstjórar veiðiskipa skulu tilkynna áætlaðan afla til veiðieftirlitsins strax og skip heldur til lands til löndunar afla.

Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem aflí er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef aflí er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reit.

6. gr.

Rangar upplýsingar um aflamagn varða tafarlausri sviptingu veiðileyfis.

7. gr.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveidar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnunnar. Jafnframt getur ráðherra ákveðið að aðeins stundi loðnuveidar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

8. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 sm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafli fiskiskipsins.

Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjúnuoddi að sporðenda.

9. gr.

Sé skipstjóri fiskiskipsins í vafa um hlutfall smáloðnu í kasti, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nóttinni að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 sm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

10. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm til hafnar blandaðan smáloðnu og er þá loðnumóttakanda skylt að ganga úr skugga um hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 8. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal loðnumóttakandi gera veiðieftirlitinu aðvart.

11. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot á viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og 1. gr. laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 528 28. desember 1992 um loðnuveiðar ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á loðnuvertíðinni 1992/1993, sbr. 1. gr., er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 390 þúsund lestir af loðnu.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. gilda ákvæði l. nr. 32/1976 um upptöku ólöglegs sjávarafra varðandi ólöglegar loðnuveiðar fram til 1. september 1992 sbr. 14. gr. l. nr. 37/1992.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júlí 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

SAMÞYKKT**um gatnagerðargjöld í Grindavík.**

1. gr.

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkunum eldri húsa hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Grindavík, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari.

Af rúmmetraaukningu vegna endurbyggingar þaka, án aukningar á nýtanlegu húsrými, skal ekki greiða gatnagerðargjald.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3,0%
Bífreidageymslur	3,0%
Parhús, raðhús og tvíbýlishús	2,0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2,0%
Fjölbýlishús	1,0%
Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	1,0%